



HÉRAÐSLÆKNIRINN Í REYKJAVÍK
The Regional Public Health Authority of Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1614
komudagur 18. 4. 2000

Reykjavík 16.4.2000.
Tilvísun okkar 54/222/LÓ/16
Tilvísun yðar

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum

Þakka fyrir að fá tækifæri til þess að gera athugasemdir við framlagt frumvarp.

Í meginatriðum horfir frumvarpið til framfara og mun gera starfssvið Lyfjastofnunar skilvirkara við það að koma málaflokknum á eina hendi.

Nokkrum athugasemdum við ég þó koma á framfæri.

1. Í 3. gr. er upptalning á eftirlitsskyldum aðilum. Í 9. tölulið er talað um læknastöðvar. Hvað tákna þær í lagalegum skilningi? Er einyrki læknastöð? Tveir læknar sem deila með sér hluta húsnæðis og ræstingu? Skilgreiningu vantar. Hana er hvorki að finna í frumvarpinu né í lagasafninu. Virðist átt við allan stofurekstur lækna en það þarf að vera ljóst því málvenja gerir greinarmun á læknastöð og lækningastofu.

Í hverju á umrætt eftirlit að vera fólgið? Fyrir hvað er verið að greiða? Vitað er að t.d. heilsugæslustöðvar hafa samið við lyfjafræðinga um eftirlit með meðferð lyfja á stöðvunum, mikið til annars eðlis en lögin virðast gera ráð fyrir og greiða fyrir það ærið fé. Hvaða áhrif hefur þetta eftirlit á þann þátt? Er hugsanlegt að gera þa þjónustuaðila eftirlitsskylda og axla ákveðna ábyrgð á eftirliti með stofnunum samhliða þjónustu sinni við þær?

2. Í 6. gr. segir: "Lyfjamálastofnun er heimilt að viðurkenna umsókn markaðsleyfishafa um meiri háttar eða minni háttar breytingar á skilmálum markaðsleyfis." Ég hvorki skil setninguna né tilgang hennar.
3. Í næstsíðustu mgr. 6. gr. segir að Lyfjamálastofnun sé heimilt að synja umsókntil varnar gegn sjúkdómi sem óþekktur er í dýrum hér á landi. Hvers vegna? Efnisleg skýring kemur ekki fram í greinargerð.

HÉRAÐSLÆKNIRINN Í REYKJAVÍK

4. Í síðustu mgr. 20. gr. segir: “Starfandi læknar, tannlæknarmegi ekki vera eigendur að svo stórum hlutaað það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra.” Virðist sjálfsagt ákvæði en sem í reynd hlýtur að útiloka lyfjasölur lækna. Vera kann að þeirra sé hvergi þörf lengur en ef svo er ekki verður að gera ráð fyrir afbrigði.

Virðingarfyllt,



Lúðvík Ólafsson
héraðslæknir